

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 246/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarfs samningsaðilanna svo það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/420 frá 13.mars 2019 um breytingu á ákvörðun nr. 1313/2013/ESB um almannavarnakerfi Sambandsins <sup>(1)</sup>.
- 2) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo aukið samstarf geti hafist frá 21. mars 2019.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við undirlið (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1313/2013/ESB) d-liðar 8. mgr. 10. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„– **32019 D 0420:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/420 frá 13.mars 2019 um breytingu á ákvörðun nr. 1313/2013/ESB um almannavarnakerfi Sambandsins (Stjtið. ESB L 77I, 20.3.2019, bls. 1).“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda 21. mars 2019.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 77I, 20.3.2019, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING